Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland | Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík | Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020 | www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Rangárþing eystra
Anton Kári Halldórsson,
byggingarfulltrúi
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. febrúar 2013
Tilvísun: UST20130100193/ksj

**Fimmvörðuskáli, tillaga að deiliskipulagi. Lýsing**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 28. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna deiliskipulagstillögu fyrir Fimmvörðuskála. Skálinn er staðsettur í 900 m.y.s. á Hrútafellsheiði milli Mýrdalsjökuls og Eyjafjallajökuls.

**Markmið deiliskipulagsáætlunar**

Í tillögu að deiliskipulagi er áætlað að skilgreina lóðamörk og lóðastærð og marka byggingarreiti fyrir skálavarðarhús, salernishús og nýjan skála til framtíðar.

**Aðkoma**

Umhverfisstofnun bendir á að með meiri uppbyggingu á Hrútafellsheiði eykst þörf fyrir flutninga aðfanga og úrgangs. Enginn slóði liggur að skálanum og ekki er gert ráð fyrir veglagningu að honum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í deiliskipulagstillögu hvernig staðið verði að þjónustu við skálann.

**Umhverfisáhrif**

Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti að fjalla um sjónræn áhrif og hvernig staðið verður að flutningi á úrgangi og aðföngum.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun